

Mánudaginn 21. apríl 1947.

Nr. 94/1946. **Magnús Thorlacius** (sjálfur)

gegn

Guðmundi Sigfússyni

(Hrl. Garðar Þorsteinsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Deilt um þóknun málflutningsmanns.

Dómur hæstaréttar.

Bogi Brynjólfsson fyrrverandi sýslumaður var sóknar-aðili máls þessa í héraði, og áfrýjaði hann því með stefnu 12. júlí f. á. Síðar eignaðist Magnús hæstaréttarlögmaður Thorlacius kröfu þá á hendur stefnda, er mál þetta er risið af. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1749.70 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1944 til greiðslu-dags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-kostnaðar í hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eftir því, sem upp er komið í málinu, þykir áfrýjandi eigi hafa kynnt sér málavexti nógu rækilega, áður en hann höfðaði mál það, er stefndi fól honum. Þá verður og að telja, að honum hafi verið skylt að rannsaka nánar en hann gerði, hver gögn mátti fá í málinu, áður en hann lét það niður falla. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skír-skotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfi-lega ákveðinn kr. 900.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Magnús Thorlacius, greiði stefnda, Guð-

mundi Sigfússyni, kr. 900.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júní 1946.

Mál þetta, er dómtekið var 7. þ. m., hefur Bogi Brynjólfsson fyrrverandi sýslumaður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. september 1945, gegn Guðmundi Sigfússyni bústjóra, Brúsastöðum í Þingvallahreppi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1749.70 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt þess, að honum verði einungis gert að greiða stefnanda kr. 49.70. Þá hefur hann krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarsins úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Árið 1943 fól stefndi í máli þessu Magnúsi hæstaréttarlögmanni Thorlacius, hér í bæ, innheimtu skuldar, er hann taldi sig eiga hjá Stefáni Thorarensen lyfsala, hér í bænum.

Hinn 24. september þ. á. höfðaði hæstaréttarlögmaðurinn mál á hendur lyfsalanum til greiðslu kaupeftirstöðva og skaðabóta að fjárhæð kr. 16783.40 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 30. s. m., en sökum formgalla var það hafið 18. nóvember 1943. Með stefnu, útgefinni 27. nóvember s. á., höfðaði hæstaréttarlögmaðurinn enn mál á hendur lyfsalanum og hafði uppi sömu dómkröfur og í fyrra málinu. Stefndi í því máli krafðist sýknu og höfðaði jafnframt gagnsök til greiðslu á ofgreiddu kaupi og skaðabótum að fjárhæð kr. 4048.91. Lyktir máls þessa urðu þær, að stefndi greiddi utanréttar kr. 300.00 í málskostnað, en allar aðrar kröfur féllu niður, og er málið skyldi næst tekið fyrir á bæjarþinginu þann 11. maí 1944, lét hvorugur aðilja sækja þing, og var málið þá hafið ex officio.

Nefndur hæstaréttarlögmaður taldi, að sér bæri þóknun fyrir starf sitt í sambandi við mál þetta, svo og endurgreiðsla fyrir útlögð gjöld við það, samtals kr. 2049.70, að frádrægnu fyrrnefndum kr. 300.00 eða kr. 1749.70. Stefndi máls þessa hefur fengið kröfu þessa framselda og haft uppi fyrrgreindar dómkröfur.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að með fyrrnefndum 300 krónum hafi hæstaréttarlögmaðurinn fengið fyrirhöfn sína við málið að fullu greidda, sérstaklega þegar þess sé gætt, að málið var aldrei flutt, hvorki munnlega né skriflega. Þá sé og þess að gæta, að hæstaréttarlögmaðurinn hafi upp á sitt eindæmi hætt við máls-

sóknina án þess að skýra umbjóðanda sínum frá því eða leita hans samþykkis til þeirra ráðstafana.

Stefnandi skýrir hins vegar svo frá, að hæstaréttarlögmaðurinn hafi fengið rangar upplýsingar hjá umbjóðanda sínum, er hann hóf málssóknina. Er hann hafi fengið að vita hið sanna í málinu, hafi hann séð, að þýðingarlaust hafi verið að halda málinu áfram, þar eð augljóst hafi verið, að málið ynnist ekki. Hafi hann því látið málið falla niður og ekki fundizt ástæða til að leita samþykkis umbjóðanda síns til þess, þar eð slík ráðstöfun felist í umboði hans til meðferðar málsins.

Gegn eindregnum andmælum stefnda hefur stefnandi ekki fært neinar sönnur á, að stefndi í máli þessu hafi gefið nefndum hæstaréttarlögmanni rangar upplýsingar í margnefndu máli. Þá verður og að fallast á það með stefnda, að í málflutningsumboði hæstaréttarlögmannsins hafi ekki, gagnvart stefnda, falizt heimild til að fella niður málssókn, án þess að stefnukrafan væri greidd. Þegar þessi atriði eru virt og þess gætt, að þegar hafa verið greiddar kr. 300.00 í þóknun fyrir starfa þenna, þykir stefndi ekki verða krafinn frekari þóknunar í þessu efni.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður einungis gert að greiða stefnanda útlögð dómgjöld, kr. 49.70, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi. Eftir öllum avikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Sigfússon, greiði stefnanda, Boga Brynjólfssyni, kr. 49.70 með 6% ársvöxtum frá 14. september 1945 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.